



Fundargerð

529. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 26. mars 2026.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason var fjarverandi en í staðin sat fundinn Elín Heiða Valsdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 19:01.

Fundargerðir:

1. 2603001F - Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Lögð fram fundargerð 11. fundar Velferðarráðs Skaftárhrepps frá 19. mars 2026.

1.1 2603004 - Skólaakstur 2026-2029

Niðurstaða Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Lögð fram drög af útboðsgögnum vegna skólaaksturs 2026 til 2029. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir framlögð útboðsgögn vegna skólaaksturs með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum og vísar málinu til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar drög af útboðsgögnum vegna skólaaksturs 2026 til 2029. Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði, útboðsgögnin og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

1.2 2603007 - Breytingar á skipuriti grunn- og leikskóladeilda.

Niðurstaða Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Elísabet Gunnarsdóttir, skólastjóri gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir framlagt skipurit fyrir skóla Skaftárhrepps og vísar skipuritinu til staðfestingar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar breytt skipurit fyrir skóla Skaftárhrepps. Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði, framlagt skipurit.

Ab JB
Sni
GRS EKV
1706



1.3 **2603003 - Málefni Héraðsbókasafns Skaftárhrepps, leik- og grunnskóla Skaftárhrepps.**

Niðurstaða Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Elísabet Gunnarsdóttir, skólastjóri og Dóra Esther Einarsdóttir, aðstoðar-skólastjóri gera grein fyrir málinu. Það helsta frá skólastarfi Kirkjubæjarskóla. Skólastarfið hefur gengið vel það sem af er skólaári. Viðburðir hafa verið nokkrir og má þar nefna haustferð, danskennslu, spilakvöld, laufabrauðsgerð og nú síðast árshátíð sem var einstaklega vel heppnuð. Nemendur og starfsfólk lagðist á árarnar og úr varð hin mesta skemmtun þar sem flutt voru bæði sögur og söngur sem fjalla um þjóðsögur og ævintýri. Að því loknu var boðið til kaffisamsætis í matsal skólans þar sem starfsfólk eldhússins töfraði fram ýmislegt góðgæti og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir. Okkur telst til aða um 140 manns hafi komið og notið veitinganna. Við í skólanum finnum vel fyrir meðbyr skólans í samfélaginu okkar og gefur það okkur áfram eldmót til að vinna áfram að öfluglu skólastarfi. Þessa dagana stendur yfir fyrir lögn stöðu- og framvindu prófa. Lögð eru fyrir próf í stærðfræði og lesfimi og hefur það gengið vel. Bókasafnið hefur verið vel sótt og nýtist það vel fyrir jafnt nemendur og almenning. Handavinnukvöld og Krílastund haf verið í vetur og er hvoru tveggja vel sótt

Lagt fram til kynningar

1.4 **2603006 - Starfsmannamál**

Niðurstaða Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Elísabet Gunnarsdóttir, skólastjóri gerði grein fyrir málinu og lagði fram lista yfir þau störf sem auglýsa þarf vegna skólaársins 2026/2027. Velferðarráð samþykkir að fela skólastjóra að auglýsa eftirfarandi stöður fyrir grunn- og leikskóladeildir, umsjónarkennari yngsta stig ásamt list og verk 100% staða, kennari list og verkgreinar ásamt upplýsingatækni 100% staða, kennari list og verkgreinum, kennsla ásamt tölvuumsjón 100 % staða, kennari íþróttir, náttúrufræði og stærðfræði á unglingastig 100% staða. Aðrar stöður: Deildastjóri grunnskóladeildar, deildastjóri leikskóladeildar, deildar, sérkennslustjóri. Deildarstjórar á yngri og eldri deild leikskóladeildar Kirkjubæjarskóla. Stöður skrifstofustjóra og sérkennslustjóra verði einnig auglýstar.

Lagt fram til kynningar.

Al. J.-S.
Ski
GRJ EHV
1707



1.5 2603005 - Skóladagatöl grunn- og leikskóladeilda 2026-2027

Niðurstaða Velferðarráðs Skaftárhrepps - 11

Skóladagatal leikskóladeilda 2026-2027. Dóra Esther Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir leikskóladeild, skólaveturinn 2026 til 2027.

Velferðarráð vísar afgreiðslu á skóladagatali til sveitarstjórnar.

Skóladagatal grunnskóladeilda 2026-2027. Elísabet Gunnarsdóttir, skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir grunnskóladeild, skólaveturinn 2026 til 2027, með fyrirvara um samþykki Skólaráðs og með fyrirvara um vetrarleyfi nemenda og dagsetningu Farsældardags. Kennslustundafjöldi og kennslutilhögun grunnskóladeilda skólaárið 2026 til 2027. Skólastjóri lagði fram fylgiskjal með skóladagatali. Kennt verður í þrem námshópum, áætlaður nemendafjöldi er 60.

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar skóladagatöl grunnskóla- og leikskóladeilda.

Auður Guðbjörnsdóttir lagði fram minnisblað vegna skóladagatala, leikskóladeilda og óskaði eftir að minnisblaði yrði hluti af fundargögnum fundarins. Jafnframt lagði Auður fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti sveitarstjórnar getur ekki samþykkt fyrirbyggjandi leikskóladagatal og vísar því aftur til Velferðarráðs og skólastjóra til endurskoðunar. Meirihluti sveitarstjórnar óskar eftir að leitast verði við að fækka lokuðum dögum leikskólans til að koma á móts við foreldra sem stóla á þá þjónustu sem leikskólinn veitir. Jafnframt skorar meirihluti sveitarstjórnar á stjórnendur leikskóladeilda að draga úr fjölda sumarleyfisdaga til að starfsmenn leikskólans eigi inni sumarfrisdaga til notkunar á öðrum tíma en þessum 6 vikum að sumri.

Sveinn Hreiðar Jensson og Gunnar Pétur Sigmarsson sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Sveinn Hreiðar Jensson, lagði fram eftirfarandi bókun: Ég, Sveinn Jensson fulltrúi xd og óháðra sit hjá við afgreiðslu málsins. Minnihlutinn bendir á að annmarkar hafi verið á málsmeðferð, m.a. hvað varðar samráðsferli og aðkomu skólaráðs, og telur mikilvægt að slík mál fari framvegis í réttan farveg áður en til afgreiðslu kemur

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, framlagt skóladagatal grunnskóladeilda með fyrirvara um breytingar vegna vetrarleyfis og staðfestingar Skólaráðs.

Al. J.G.
Ski.
GPS EHV



1.6 2603008 - Styrkbeiðni

Niðurstaða Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Lagt fram bréf, dagsett, 10. mars 2026 frá Jóni Rafnssyni. Í bréfinu er óskað eftir styrk vegna tónleika í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli þann 11. apríl næstkomandi. Velferðarráð vísar erindinu til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar bréf frá Jóni Rafnssyni. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram. Þar sem búið er að fresta tónleikum til haustsins þarf að athuga hvort fyrirhugaðir tónleikar geti verið hluti af Uppskeruhátíð Skaftárhrepps haustið 2026.

1.7 2603009 - Samstarfssamningur milli USVS og Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps

Niðurstaða Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Lagður fram að nýju Samstarfssamningur milli USVS og Mýrdalshrepps/Skaftárhrepps. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Hann greindi frá því að litlar breytingar hafi orðið á samningsdrögum en það hefði tekið nefndir Mýrdalshrepps um það bil 15 mánuði að komast að niðurstöðu í þessu máli. Velferðarráð samþykkir fyrirbyggjandi samstarfssamning og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn tók að nýju til umfjöllunar samning milli Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) og sveitarfélaganna Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði fyrirbyggjandi samning fyrir sitt leiti og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

1.8 2603010 - Erindi frá starfsmönnum grunnskóladeildar.

Niðurstaða Velferðarráð Skaftárhrepps - 11

Lagt fram bréf, dagsett 17. mars 2026, frá Elísabetu Gunnarsdóttur, fyrir hönd starfsmanna grunnskóladeildar. Velferðarráð samþykkir erindið og leggur til að fastráðnir starfsmenn grunnskóladeildar fái frítt í sund og að reglan gildi fram að lokum samkomulags við starfsmenn leikskóladeildar. Velferðarráð vísar afgreiðslu málsins til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar erindi frá starfsmönnum grunnskóladeildar um að fastráðnir starfsmenn deildarinnar fái frítt í sund. Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Velferðarráðs.

Al. J. S.
S. J. S.
G. E. H.
1709



2. 2603002F - Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Lögð fram fundargerð 14. fundar Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps frá 24. mars 2026.

2.1 2510001 - Deiliskipulag fyrir Skerja- og Skriðuvelli á Kirkjubæjarklaustri.

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Skipulags- og umhverfissráð hefur farið yfir framlagða deiliskipulagstillögu og leggur samhljóða til við sveitarstjórn að samþykkja hana til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps.

2.2 2603012 - Deiliskipulag Gráholts (Heiðarsel)

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Skipulags- og umhverfissráð hefur farið yfir framlagða deiliskipulagstillögu og leggur samhljóða til við sveitarstjórn að samþykkja hana til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps.

2.3 2510003 - Deiliskipulag virkjunar í Hverfisfljóti-breyting á deiliskipulagi

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Skipulags- og umhverfissráð hefur farið yfir framlögð deiliskipulagsgögn og felur skipulagsfulltrúa að koma uppfærðum gögnum til HMS og vinna málið áfram.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps.

2.4 2511020 - Breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043, Alviðruharmar - nýtt hafnarsvæði

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Skipulags- og umhverfissráð hefur farið yfir framlagða samantekt EFLU á umsögnum og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps.

2.5 2512006 - Breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043-Snæbýli (VP29)

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Skipulags- og umhverfissráð hefur farið yfir framlagða vinnslutillögu og leggur samhljóða til við sveitarstjórn að samþykkja hana til kynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps.

Ab Sni. 25.
1710
GB EHV



2.6 2203005 - Vinnslutillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustu í landi Snæbýlis I

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Skipulags- og umhverfissráð hefur farið yfir framlagða vinnslutillögu og leggur samhljóða til við sveitarstjórn að samþykkja hana til kynningar samhliða vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar í landi Snæbýlis í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði, ákvörðun Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps.

2.7 2603013 - Eldvötn - samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Niðurstaða Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps - 14

Formaður, greindi frá því að framkvæmdaaðili, EP Power Minerals, hafi tekið frá Félagsheimilið Tungusel þann 21. apríl næstkomandi kl. 20:00 þar sem fyrirhugað er að sérfræðingur á vegum Verkfræðistofunnar Eflu muni fara yfir þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir.

Lagt fram til kynningar.

3. 2603018 - Byggingarnefnd Skaftárhrepps

Fundargerð 8. fundar Byggingarnefndar Skaftárhrepps frá 17. mars 2026, lögð fram til kynningar.

4. 2603015 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Fundargerð 97. fundar Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 24. febrúar 2026, lögð fram til kynningar.

5. 2603016 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Fundargerð 252. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 24. febrúar 2026, lögð fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

6. 2603014 - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi 2025-2036

Oddviti gerði grein fyrir málinu og lagði fram Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hulu bs. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði, framlagða svæðisáætlun fyrir sitt leiti.

AG
Ski. J.R.
GØ EHU
1711



7. 2603019 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 3. mars 2026, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Sönghóll. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-H Frístundahús. Staðsetning gististaðarins er Hæðargarður, lóð G8.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

8. 2603020 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 3. mars 2026, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Sönghóll. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-H Frístundahús. Staðsetning gististaðarins er Hæðargarður, lóð G7.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.


9. 2603021 - Húsakönnun í Skaftárhreppi

Oddviti gerði grein fyrir málinu og lagði fram drög af húsakönnun Álftavershrepp hins forna. Húsakönnunin er unnin af Gingi-teiknistofu (Gunnlaugur Björn Jónsson), um er að ræða óyfirlesin gögn sem fara nú í framhaldinu til ábúenda og jarðeiganda í Álftavershreppi hinum forna. Jafnframt greindi oddviti frá því að Skaftárhreppur hefði fengið 900.000 kr. í styrk frá Húsafriðunarsjóði, til að byrja á húsakönnun í Skaftártunguhreppi hinum forna.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 20:59.


Jóhannes Gissurarson


Elín Heiða Valsdóttir


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jónsson